

HÚSÖNDIN

7.tbl. 1.árg.
21.mars 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 22.-28. MARS 2018

24.3 *Jan Valásek*

25.3 *Jörgen Þorbergur Ásvaldsson*

26.3 *Bogna Martyna Niedzielska, Selma Dröfn Ásmundsdóttir*

27.3 *Tsimafei Dzmitryevich Vitkouski*

28.3 *Sólveig Pétursdóttir*



PÁSKABINGÓ MÝVETNINGS 2018

Þann 28. mars næstkomandi verður haldið
páskabingó Mývetnings í Reykjahlíðarskóla.

Það byrjar klukkan 20:00 og eru glæsilegir vinningar í boði.

Spjaldið kostar 500 kr og kostar 250 kr eftir hlé.

Enginn posi verður á staðnum.

Nemendafélagið verður með sjoppuna á sínum stað.

Viljum við minna á að við erum með klósettpappírinn til sölu
í Íþróttamiðstöðinni. En verðið fyrir eina pakkningu er 7500 kr
sem er vegna herra verðs frá byrgjum okkar.

Hlökkum til að sjá sem flesta í bingó.

Stjórn Mývetnings





MATRÁÐUR ÓSKAST VIÐ REYKJAHLÍÐARSKÓLA OG LEIKSKÓLANN YL

Matráður óskast við Reykjahlíðarskóla og Leikskólann YL í Mývatnssveit í síðasta lagi 1. maí 2018. Um er að ræða 100% starf. Matráður starfar eftir leiðbeiningum landlæknisembættisins um mataræði í heilsueflandi grunnskólum og leikskólum.

Launakjör fara eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags.

Bæði karlar og konur eru hvött til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Jónsdóttir skólustjóri
í síma 464-4375 og 849-7749.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum í síðasta lagi 3. apríl á skrifstofu Skútustaðahrepps eða á netfangið solveig@reykjahlidarskoli.is

Skólustjóri Reykjahlíðarskóla

LAUST STARF VIÐ HEIMILISHJÁLP



Skútustaðahreppur leitar eftir starfskrafti í hlutastarf til að sinna heimilishjálpi í Mývatnssveit.

Vinnutími er eftir samkomulagi.

Laun greidd skv. samningum Framsýnar og Launanevndar sveitarfélaga.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps í síma 464-4163
Umsóknir skulu berast á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðarvegi 6, 660 Mývatn eða á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is



Leikskólakennari eða aðili með sambærilega menntun óskast við leikskólann Y1 í Mývatnssveit. Um er að ræða 100% stöðu frá og með 30. júlí 2018. Umsóknarfrestur er til 1. júní næstkomandi. Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 8219404. Upplýsingar um launakjör eru veittar á skrifstofu Skútustaðahrepps. Skila þarf umsóknum ásamt ferilskrá á skrifstofu Skútustaðahrepps eða senda á netfangið ingibjorg@skutustadahreppur.is



GUÐSPJÓNUSTUR Í SKÚTUSTAÐAPRESTAKALLI Á PÁSKUM 2018

30.mars Föstudagurinn langi

Tíðarsöngur er sunginn í Reykjahlíðarkirkju klukkan 08:45 við upphaf Þíslargöngu.

Passíusálmar sr.Hallgríms er lesnir fyrir gesti og gangandi í Skútustaðakirkju yfir daginn!

1.apríl Páskadagur

Hátíðarguðspjónusta í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00

OPNUNARTÍMI Í ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI UM PÁSKA 2018

Mánudagur	26. mars	Kl. 09.00 – 20.00
Þriðjudagur	27. mars	Kl. 09.00 – 20.00
Miðvikudagur	28. mars	Kl. 09.00 – 20.00
Skírdagur	29. mars	LOKAÐ/CLOSED
Föstudagurinn langi	30. mars	LOKAÐ/CLOSED
Laugardagur	31. mars	Kl. 10.00 – 16.00
Páskadagur	1. apríl	LOKAÐ/ CLOSED
Annar í páskum	2. apríl	Kl. 16.00- 20.00

Opening hours at Sport Center over Easter 2018

Páskahlaupið vinsæla verður nánar auglýst í næstu viku
og á heimasíðu Skútustaðahrepps.

Íþróttamiðstöðin

ALLT TEKUR ENDA NEMA EILÍFÐIN



MÝVETNINGAR, FERÐAFÓLK.
TÓNLISTARHÁTÍÐIN MÚSÍK Í MÝVATNSSVEIT
UM PÁSKA VERÐUR NÚ HALDIN Í 21. SINN.

Kammertónleikar í Félagsheimilinu Skjólbrekku
skírdag 29. mars kl. 20:00.

Þar verður flutt tónlist m.a.eftir Piazzolla,
Ginastera og tónlist Eivarrar.

Í Reykjahlíðarkirkju föstudaginn langa
30. mars kl. 20:00

(athugið breyttan tíma frá því sem verið hefur)
Þá verður flutt tónlist m.a. eftir Faurè, Gliere, Vivaldi,
Koussevitzky og tónlist Eivarrar.

Flytjendur eru :

Eivör Pálsdóttir	söngur
Laufey Sigurðardóttir	fiðla
Elísabet Waage	harpa
Hávarður Tryggvason	kontrabassi
Tróndur Bogason	píanó

Miðasala við innganginn.
Verð á eina tónleika kr. 2.500 og á báða kr. 4.000.

Músík í Mývatnssveit



NÁMSKEIÐ

fyrir starfsfólk kirkna og sóknarnefndir,
meðhjálpara, kirkjuverði, kóra,
organista, presta og djákna

Umsjón hefur sr. Kristján Valur Ingólfsson. Aðgangur ókeypis.
Þátttaka tilkynnist í síma 8953328 (Þóra Fríður) fyrir 3.apríl.

Tími :

Föstudagur 6.apríl kl. 17.00 - 21.00

Laugardagur 7. apríl kl. 10.00 - 14.30

Staður : Framhaldsskólinn á Laugum

Nánar um dagskrána

Föstudagur 6. apríl

kl.17.00 Kynning námskeiðs og þátttakenda

kl.17.15 Um kirkjuhúsið og hið heilaga rými

kl.18.00 Um störf meðhjálpara og kirkjuvarða

kl.19.00 Súpa og samtal

kl.19.45 Um hlutverk kirkjukóra, kórstjóra og organista,
og um hina syngjandi kirkju.

kl.20.30 Spurningar og svör

kl.21.00 Kvöldbæn og heimferð.

Laugardagur 7. apríl

kl.10.00 Guðsþjónusta safnaðarins. Form og innihald. Verkefni og
hlutverk þeirra sem að guðsþjónustunni þjóna. Atferli
prests og safnaðar á samkomum safnaðarins.

kl.11.00 Vígð og óvígð þjónusta. Vígð og óvígð hús.

kl.12.00 Matarhlé.

kl.12.45 Erindisbréf, starfsreglur og samþykktir um innri
málefni Þjóðkirkjunnar.

kl.13.30 Umhirða skruða og kirkjutextíla. Umhirða altarisgripa og
annarra eðalmálma. Um klukkur og hringingar.

kl.14.00 Spurningar og svör. Samtal um efni námskeiðsins.

kl.14.30 Miðdegisbæn og heimferð.



Samkvæmt reglugerð 723/2017 skal slökkviliðsstjóri gefa út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í viðkomandi sveitarfélagi munu sæta eldvarnaeftirliti það árið.

Árið 2018 mun eldvarnaeftirlit Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar skoða eftirtalin mannvirki og eða starfsemi:

Alla skóla og félagsheimili á vegum sveitarfélaganna.

Öll gistiheimili og hótél með fleiri en 10 gesti.

Stærri húsnæði (yfir 1000 fm) sem ekki fellur undir fyrri liði.

Söfn og kirkjur auk smærri fyrirtækja (einn til tveir starfsmenn)

Samtals gerir þetta um 160 staðir.

Ef eiganda og eða forsvarsmanni fyrirtækis er ekki ljóst hvort skoðun muni fara fram þetta árið er viðkomandi velkomið að hafa samband við slökkviliðsstjóra.

Bjarni Höskuldsson slökkviliðsstjóri
Brunavarnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar
Kjarni 650 Laugar
Sími 4643322/8660025



Litli músarrindillinn III. 18. nóv. 2017.

Já, ég er kominn aftur í Helgavoginn. Músarrindillinn er við suðurbakkann austanverðan á Helgavoginum, það er morgunn og sólin nýkomin upp. Hún gyllir skýin á vesturhimninum og það skín á fannir í Belgjarfjalli. Það er kyrrt veður og hann heyrir að dyr eru opnaðar út á pallinn á Sólgorðum. Þar kemur Sólveig út til að anda að sér tæru morgunloftinu og teygja úr sér og svo lítur hún í átt að músarrindlinum. Þetta sér hann og verður glaður. Hann hoppar á milli steinanna og tístir á milli þess sem hann grípur lirfur í gogginn, en þær eru gómsætur morgunmatur. En Sólveig hefur heyrt í honum og verður glöð við – því hún elskar að fá svona lítinn fugl til að hafa í nágrenni við sig í vetur. Hún segir því Birki frá honum. Nokkrum dögum seinna fer Birkir í morgungöngu niður að bátalaginu sínu og þar hittir hann vin okkar sem hoppar glaður í fjöruborðinu. Stuttu seinna ákveður músarrindillinn einn morguninn að heilsa uppá á Sólgorðum. Það er morgunn og hann flýgur upp að Sólgorðum. Það er nýfallinn snjór á jörð og alveg að verða bjart. Búið er að kveikja í eldhúsinu hjá Sólveigu og er hún að hella upp á könnuna. Þetta sér músarrindillinn og tyllir sér á gluggakarminn. Þetta sér Sólveig og horfist í augu við litla vin sinn. En hann stoppar stutt – flögrar svo austur af lóðinni og heilsar upp á ærnar hans Héðins. Þær krafsa í snjóinn með framfótunum til þess að finna sér eitthvað í svanginn. Hann sest á milli þeirra en þær þykjast ekki sjá hann. Ekkert gaman hér hugsar hann og tekur flugið suður í Helgavogshraun. Þar eru kannske skemmtilegri kindur. En þær eru allar úr Vogum og svo stórar upp á sig að það hálfva væri nóg. Hann sest við hliðina á einni þeirra en hún lítur með reiðisvip á þetta litla kríli og snýr sér undan. Allt í lagi hugsar músarrindillinn þá læst ég bara ekki sjá hana þessa gömlu skessu – svo flýgur hann suður að Kálfstjörn því þar er vatnið volgt og mosinn mjúkur.

Sólveig Illugadóttir

ÞRIÐJA LAUGARDAGSGANGAN



Næsta laugardagsganga verður
24. mars n.k. kl. 11:00.
Þetta eru léttar og skemmtilegar
göngur sem taka 1-2 klst
í góðum félagsskap.

Gönguleiðin auglýst daginn áður,
fylgist með heimasíðu Skútustaðahrepps
og á Facebook.

Heilsu best að hlúa að
hamingju það eykur.
Laugardag við látum það
okkur verða leikur.



ALLIR VELKOMNIR!

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag

Leikfélag Húsavíkur sýnir

SJÓRÆNINGJA PRINSESSAN

eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn Maríu Sigurðardóttur

Næstu sýningar:

- × fimmtudaginn 22. mars kl. 20:00
- × skírdag, 29. mars kl. 16:00
- × föstudaginn langa kl. 14:00 *aukasýning*
- × föstudaginn langa kl. 17:00
- × laugardaginn 31. mars kl. 16:00
- × annan í páskum kl. 16:00

fullt verð: 3000 - börn/afsl: 2000



Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur
geta keypt afsláttarmiða hjá sínum félögum áður en þeir fara á leiksýningu

Miðapantanir: www.leikfelagid.is • 464 1129 • midi@leikfelagid.is

Gerum okkur mat úr jarðhitnum

**Hugmyndasamkeppni
um matvælafram-
leiðslu með jarðhita
á Norðausturlandi**

1. VERÐLAUN
2.000.000 KR. 2. VERÐLAUN
500.000 KR.

Nánari upplýsingar á:
eimur.is



Eimur, í samstarfi við Íslenskt verðbréf, Matarauð Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands, kallar eftir hugmyndum sem stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda á Norðurlandi eystra. Hugmyndir mega vera á hvaða stigi sem er og fela í sér allt frá framleiðslu á hráefnum til fullunninnar matvöru.

- Skilafrestur til **15. maí**
- Þátttaka öllum opin
- Ekki nauðsynlegt að skila inn nákvæmum teikningum
- Sérstök áhersla á sjálfbærni og samvinnu ólíkra aðila

www.eimur.is

